

Erindisbréf

hæfnisnefndar vegna undirbúnings skipunar í embætti ráðuneytisstjóra velferðarráðuneytis.

1. gr.

Hæfnisnefndin skal vera ráðherra til fulltingis við undirbúning skipunar í embætti ráðuneytisstjóra velferðarráðuneytis og skila honum skriflegu mati á hæfni umsækjenda innan tveggja vikna frá því að umsóknarfresti lýkur. Umsögninni er ætlað að tryggja að málið sé nægjanlega upplýst áður en ráðherra ákveður hverja hann boðar í starfsviðtöl áður en hann skipar í embættið.

2. gr.

Við mat á umsóknum og hæfni umsækjenda til að gegna auglýstri stöðu skal nefndin hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar:

1. Háskólamenntun umsækjanda sem nýtist í starfi.
2. Þekking og reynsla umsækjanda á verkefnasviði hins nýja velferðarráðuneytis.
3. Stjórnunarreynsla.
4. Færni í mannlegum samskiptum.
5. Tungumálakunnátta.
6. Færni við beitingu íslensks máls í ræðu og riti.
7. Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu.

Með stjórnun, sbr. 3. tölulið, er átt við rekstrarstjórnun, þ.e. stjórnun á deild, skrifstofu, sviði, stofnun eða fyrirtæki, þar sem saman fer fjárhagsleg og fagleg stjórnun. Verkefnastjórn getur verið metin jafngild stjórnun á rekstrareiningu.

Formennska í nefndum og ráðum telst ekki til stjórnunarreynslu en getur haft áhrif á heildarmat á þeim þáttum sem hafa skal til hliðsjónar, sbr. einkum tölul. 2 og 7.

3. gr.

Nefndin skal í hvívetna gæta jafnræðis milli umsækjenda og leggja málefnalegt mat til grundvallar umsögn um hæfni þeirra.

Nefndin getur leitað umsagna eða aflað frekari gagna með samþykki umsækjanda og eftir atvikum boðað umsækjendur í viðtal sé það talið nauðsynlegt við mat á hæfni þeirra. Þetta getur átt við ef umsóknargögn eru ófullnægjandi eða skortur á gögnum veldur vafa eða hefur áhrif á mat á hæfni umsækjanda.

Komi fram upplýsingar í gögnum, sem nefndin hefur aflað, er hún telur vera umsækjanda í óhag og kynnu að hafa áhrif á mat á hæfni hans, skal nefndin kynna umsækjanda efni þeirra, frá hverjum þær stafa og veita honum tækifæri til þess að tjá sig um þær áður en nefndin gefur umsögn um hæfni hans.

4. gr.

Nefndin skal leggja rökstutt mat á hvort umsækjandi uppfylli skilyrði auglýsingar og flokka þá umsækjendur sem uppfylla skilyrðin eftir hæfni. Í skriflegri umsögn skal vera samantekt um hvern umsækjanda sem uppfyllir skilyrði auglýsingar og upplýsingar um hvaða sjónarmið voru ráðandi við matið.

5. gr.

Nefndarmönnum er skylt að gæta þagmælsku um atriði er varða umsækjendur og þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða eru rædd á fundum nefndarinnar. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi í nefndinni.

Reykjavík, 14. október 2010